

Golfklúbbur Ísafjarðar

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2022-2023



Ársskýrsla 2023

Efnisyfirlit

Golfklúbbur Ísafjarðar	1
Stjórn og nefndir Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2023	3
Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:.....	3
Varastjórn:	3
Skoðunarmenn reikninga:	3
Fastanefndir klúbbsins:	3
<i>Forgjafanefnd:</i>	3
<i>Húsnefnd Golfskálans í Tungudal:</i>	3
<i>Rekstrarnefnd Golfskálans</i>	3
<i>Mótanefnd:</i>	3
<i>Unglinga- og afreksnefnd</i>	3
<i>Vallarnefnd:</i>	3
<i>Kvennanefnd:</i>	3
<i>Öldunganefnd:</i>	3
<i>Aganefnd:</i>	3
<i>Sundagolfsnefnd:</i>	3
Félagsstarf	4
Starfsmannamál	4
Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ	4
Æfingar og æfingaaðstaða	4
Unglinga- og afreksnefnd	5
Kvennastarf	5
Vallarmál	5
Vélamál	6
Húsnæðismál	6
Mótanefnd	7
Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar	8

Stjórn og nefndir Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2023

Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:

Gunnar Þórðarson formaður, Jóhann Birkir Helgason, Guðni Ólafur Guðnason, Magnea Garðarsdóttir, Neil Shiran Þórisson, Guðjón H Ólafsson og Þorvaldur Ragnarsson. Á fyrsta stjórnarfundum voru eftirfarandi kosnir í embætti; Jóhann Birkir Helgason varaformaður, Shiran Þórisson gjaldkeri og Magnea Garðarsdóttir ritari.

Varastjórn:

Friðbjörn Gauti Friðriksson, Soffía Þóra Einarsdóttir og Daníel Jakobsson

Skoðunarmenn reikninga:

Jens Andrés Guðmundsson og Baldur Geirmundsson.

Fastanefndir klúbbsins:

Forgjafanefnd:

Guðni Ólafur Guðnason

Húsnefnd Golfskálans í Tungudal:

Gauti Friðriksson formaður

Rekstrarnefnd Golfskálans

Shiran Þórisson og Anna G. Sigurðardóttir

Mótanefnd:

Guðni Ólafur Guðnason formaður, Guðjón Helgi Ólafsson, Víðir Arnarson og Finnur Magnússon

Unglinga- og afreksnefnd

Shiran Þórisson formaður, Kristján Elías Ásgeirsson, Þorvaldur Ragnarsson og Anton Helgi Guðjónsson

Vallarnefnd:

Jóhann Birkir Helgason, Daníel Jakobsson, Vilhjálmur Matthíasson, Reynir Pétursson og Tryggvi Sigtryggsson

Kvennanefnd:

Kristín Hálfhánsdóttir formaður, Oddný Birgisdóttir og Anna Guðrún Sigurðardóttir.

Öldunganefnd:

Finnur Magnússon.

Aganefnd:

Tryggvi Guðmundsson formaður og Tryggvi Sigtryggsson.

Sundagolfsnefnd:

Gunnar Þórðarson formaður, Grétar Sigurðsson og Anna G. Sigurðardóttir.

Félagsstarf

Sjö stjórnarfundnir voru haldnir á starfsárinu.

Gerð var tiltekt í félagatali félagsins þar sem margir skráðir félagar voru óvirkir. Þeir félagsmenn sem greiða árgjöld og eru virkir félagar eru 145 og eru það færri greiðandi félagsmenn en á fyrri árum. Til að auka nýliðun í félaginu var ákveðið að bjóða frítt fyrir 17 ára og yngri bæði árgjöld og inn á völinn. Þetta var eingöngu hægt þar sem styrktaraðilar félagsins tóku þátt í því verkefni að efla barna og unglिंगastarf félagsins.

Fjöldi skápa sem greidd er leiga af eru 69.

Aðsókn að golfvöllinum í sumar var að mjög góð enda var straumur af ferðamönnum á Vestfjörðum í ár.

Heiðursfélagar sem fá frí árgjöld í Golfklúbbs Ísafjarðar voru kjörnir:

- ✓ Tryggvi Sigtryggsson
- ✓ Finnur Magnússon
- ✓ Gunnlaugur Einarsson
- ✓ Reynir Pétursson
- ✓ Vilhjálmur Antonsson

Í tilefni 45 ára afmælis Golfklúbbs Ísafjarðar var ákveðið standa fyrir golfferð til Barcelona Golf á vegum klúbbsins. Kosin var ferðanefnd til að skipuleggja ferðina og sjá um framkvæmd hennar. Í nefndinni voru: Einar Gunnlaugsson formaður, Magnea Garðarsdóttir og Sólveig Pálsdóttir. Stjórn klúbbsins færir þeim þakkir fyrir vel unnin störf og vel skipulagða ferð til Spánar.

Starfsmannamál

Starfsmenn á golfvöllinum voru Pétur Már Sigurðsson, Jón Gunnar Shiransson og Hjálmar Jakobsson. Reynir Pétursson og Finnur Magnússon sáu um umhirðu á púttvöllinum og Allyson Caggio sá um rekstur golfskálans undir handleiðslu Shirans Þórissonar. Tryggvi Sigtryggsson leit til með rekstri golfvallar ásamt viðhaldi tækja. Að auki útvegaði Ísafjarðarbær 3-4 unglinga frá vinnuskólanum í vinnu á golfvöllinum í júní og júlí.

Öllum þessum starfsmönnum er færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samningi við HSV sá G.Í. áfram um slátt og umhirðu púttvallarins við Hlíf í sumar í góðri samvinnu við Félag eldri borgara. Reynir Pétursson hafði veg og vanda af vinnunni fyrir hönd G.Í og er honum kærlega þakkað fyrir sitt framlag.

G.Í. leigði Ísafjarðarbæ sláttuvél til sláttu á fótboltavöllinum á Torfnesi, en þetta verður síðasta árið sem klúbburinn þessi viðskipti verða, þar sem völinn var breytt í gervigrasvöll í haust.

Æfingar og æfingaaðstaða

Viktor tók að sér golfkennslu fyrir Golfklúbb Ísafjarðar þetta árið. Byrjað var í Sundagolfi og síðan um vorið voru námskeiðum haldið áfram á Tungudalsvelli. Sérstök áhersla var lögð á barna og unglinga kennslu, en einnig var fullorðnum boðið upp á námskeið. Golfkennslan var mjög vel sótt og tókst í alla staði vel. Mikil framför var af þessum námskeiðum í starfi klúbbsins og er Viktori þakkað frábært starf. Búið er að semja við Viktor um framhald af þessum námskeiðum fyrir 2024.

Rekstur æfingasvæðis við Tungudalsvöll gekk brösuglega í sumar og var mikið um stuld á boltum, a.m.k. þúsund boltar hurfu af vellinum. Ljóst er að ekki er hægt að reka svæðið áfram með sama hætti og þarf að finna betri leið til að veita þessa nauðsynlegu þjónustu. Golfhermir og þúttastaða í Sundagolfi voru mjög vel nýtt á árinu, má segja að með aukinni kennslu og frábærri aðstöðu hefur barna- unglíngastarf og nýliðastarfið eflst. Sundagolfsnefnd er þakkað fyrir gott starf.

Unglinga- og afreksnefnd

Barna- og unglíngastarfið í sumar var að mestu leytið bundið við samstarf við Héraðssamband Vestfirðinga sem kom með krakka á grunnskólaaldri í golfnámskeið.

Það voru 20 krakkar sem komu í síðustu viku júní mánaðar og fyrstu viku júlí mánaðar síðastliðins sumars. Síðasta vetur voru svo elstu unglíngarnir í einstaklingsmiðaðri þjálfun í inniaðstöðu okkar en þessir kylfingar tóku svo þátt í tveimur mótum í Íslandsmótaröðinni og voru þar fyrir miðju í sínum aldursflokki.

Kvennastarf

Kvennagolfið hófst aðeins seinna en vanalega þar sem misskilningur var um utanumhald. Fyrsti formlegi hittingurinn var í enda júní og var reglulegt golf á þriðjudögum kl. 17. Mæting var misgóð eftir veðri en flestar létu nú ekki smá veður stoppa sig. Mæting var allt frá fjórum upp í 12-13 konur. Nokkrum sinnum settist hópurinn niður eftir golf og fékk sér drykk og spjölluðu. Hugmynd var að halda lokahóf um miðjan september en ekkert varð að því í ár.

Vallarmál

Ráðist var í gerð bílastæðis austan við golfskálann og kláraðist framkvæmdin í haust. Planið var ræst að ofan verðu, sléttað og lagðar á það sérstakar grindur sem fylltar voru síðan með harpaðri mól. Verkið var stutt af verkefnasjóði Ísafjarðarbæjar og vill klúbburinn þakka þennan stuðning sveitarfélagsins. Malbikað var framan við tækjageymslu/verkstæði golfskálans, um 300 m². Verkið var unnið af Malbikunarstöð Norðurlands og gáfu þeir okkur um 60% afslátt af uppsettu verði. Allt þetta umhverfi hefur nú tekið stakkaskiptum og er Golfklúbbi Ísafjarðar til sóma. Guðjón Helgi Ólafsson hélt utan um verkefnið fyrir G.Í. og er honum þakkað gott starf.

Farið var yfir nýjar tillögur um hönnun golfvallarins, þær hugmyndir voru metnaðarfullar og djarfar. Eftir yfirferð stjórnar á tillögum hönnuðarins þá var það mat stjórnar að ekki væri hægt að fara í slíka umbreytingu vallarins nema með tryggri langtímafjármögnun. Niðurstaðan var sú að halda ekki áfram með þær breytingartillögur sem voru á borðinu. Ræða þarf aðkomu Ísafjarðarbæjar að frekari framkvæmdum á vellinum, til jafns við önnur íþróttamannvirki og íþróttastarf sem er í sveitarfélaginu.

Golfvöllurinn kom mjög vel undan vetri, þó enn sæi á fimmtu flöt frá fyrra ári. Völlur og flatir skörtuðu sínu fegursta í sumar, sem aldrei fyrr, og vakti athygli gesta og gangandi.

G.Í. hefur átt í nokkru samstarfi við Grastec ehf, með kaupum á fræjum, áburði, vélum, búnaði og eins vinnu og ráðgjöf. Rætt var um að gera formlegan samning við Grastec en ekki náðist að klára hann. Viðgerðir á níundu flöt voru kláraðar undir handleiðslu Grastec, sem tókust vel. Stjórnin mun leita að nýjum birgja fyrir aðdrætti og eins ráðgjöf, í framtíðinni.

Ekki tókst að byrja á uppsetningu á vökvakerfi á golfvellingnum í ár. Mikil þörf er á þessu kerfi en erfitt var um vik við vökvun í sumar vegna mikillar umferðar á vellingnum. Töluverð þurrkatíð var í júlí-ágúst og fylgdi þessu nokkur vinna við að vökva utan leiktíma á velli. Ljóst er að næsta stóra verkefni verður vökvunarkerfi fyrir Tungudalsvöll og verður sótt um styrk í Verkefnasjóð til verksins, sem verður þá hægt að klára í vor. Fyrirhuguð framkvæmd við endurgerð á fimmtu flöt var sett í bið um ófyrirséðan tíma, og allt sett í að klára vökvunarkerfið. Fimmta flötin var á góðri leið með að ná sér þegar haustaði að og vetur fór í hönd.

Vinavellir G.Í. eru eftirfarandi:

- ✓ Golfklúbbur Borgarness 50% afslátt af flatargjöldum (með tveggja daga fyrirv.)
- ✓ Golfklúbbur Dalvíkur 50%
- ✓ Golfklúbbur Norðfjarðar 50%
- ✓ Golfklúbbur Hveragerðis 50%
- ✓ Golfklúbbur Vatnsleysustrandar 2.500 kr
- ✓ Golfklúbbur Mosfellsbæjar 50%
- ✓ Golfklúbbur Skagastrandar
- ✓ Golfklúbbur Grindavíkur

Ástand Efri Tungu vallar var gott í sumar og völlurinn mikið notaður. Styrkur fékkst frá Orkubúi Vestfjarða til að viðhalda vellingnum, og er fyrirtækinu hér með þakkað fyrir stuðninginn. Samið var um slátt utan vallarins í sumar og var mikil ánægja með samstarfið. Mikilvægt er að hlúa að þessum velli sem líkja má við stökkpall fyrir golfleikarann inn í starfið með okkur.

Rekstur æfingasvæðis hefur verið erfitt. Töluverð vinna er við viðhald og að tína upp bolta. Mikið af boltum tapaðist í sumar og dæmi um að verulegum fjölda hafi verið teknir af svæðinu. Í umræðinni eru samningar við einstakling að taka að sér rekstur golfvallanna í sumar ásamt því að líta til með rekstri Golfskálans. Þetta er aðili sem er vel upplýstur um golfþróttina og umhirðu golfvalla. Mikil bragabót mun verða ef af verður en ljóst er að verkstjórn á Tungudalsvelli hefur verið erfiðasta áskorun stjórnamanna um nokkurt skeið. Það er ljóst að kostnaður klúbbsins mun aukast við þetta, og þarf að líta til tekna eins og félags- og teiggjalda til að mæta honum. En klúbbfélagar og gestir munu örugglega fá betri völl og bætta upplifun og þjónustu fyrir sinn snúð.

Vélamál

Keyptur var nýr þjónustubíll fyrir golfvöllinn, svokallað sexhjól, sem ekki þarf bílpróf á til að aka. Hann er á breiðum dekkjum með pall til að flytja efni og búnað. Einnig var keyptur gatari í samvinnu við Golfklúbb Bolungarvíkur, og er það mikil búbot fyrir G.Í. Klúbburinn hefur yfir að ráða tveimur stórum brautarvélum, röffvél, stórri flatarsláttuvél, blásarara til að hreinsa flatir og nýrri vél til að búa til holur á flatir ásamt handflatarsláttuvél og tveimur minni vélum. Hnífar í sláttuvélar voru sendar til GKG til brýningar og klárað að yfirfara vélar og þeim komið í gott lag.

Suzuki Ventura jeppinn stóð sig vel og fór í góðu lagi inn í veturinn.

Húsnæðismál

Ný svalahurð á var sett upp um vorið á suðurhlið salar golfskálans, en sú gamla var orðin ónýt. Nýir skápar voru settir upp og við það tæmdist langur biðlisti sem verið hefur um árabíl. Gamla

spýtan ehf sá um smíði og uppsetningu ásamt ísetningu svalahurðar og er þeim þakkað fyrir gott samstarf.

Mótanefnd

Mótahald var með svipuðu sniði og síðast liðin ár. Haldin voru 34 golfmót á vegum GÍ sem er fjölgun um sex mót frá fyrra ári. Metfjöldi fimmtudagsmóta var þar sem við náðum að byrja snemma og spila langt fram á haustið.

Fjölmennasta mót ársins var VÍS mótið, 56 keppendur skráðir til leiks. Langt síðan við höfum verið með þetta stórt mót.

Samtals voru leiknir 934 hringir í mótum sumarsins samanborið við 661 í fyrra. 175 kylfingar léku þessa 934 hringi, 2022 tóku 153 kylfingar þátt í mótum GÍ. Aukning á öllum sviðum.

Þátttakendur frá 21 golfklúbbum tóku þátt í mótum sumarsins. Meðlimir GÍ spiluðu að sjálfsögðu flesta hringi eða 801 talsins, Bolvíkingar með 65 og kylfingar úr Nesklúbbnum 11.

Ásdís Birna Pálsdóttir var iðnasti keppandi sumarsins, tók þátt í 29 mótum, næstur kom Villi Matt með 28.

Meistaramót GÍ var haldið dagana 28. júní . – 1. júlí. . Keppendur voru 37 sem er fjölgun um 10 frá fyrra ári.

Meistarar Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2023 eru:

1. flokkur karla:	Anton Helgi Guðjónsson
Kvennaflokkur	Sólveig Pálsdóttir
2. flokkur karla:	Guðni Ó. Guðnason
2. flokkur kvenna:	Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir
3. flokkur karla:	Elmar Breki Baldursson
65 ára og eldri:	Vilhjálmur Gísli Antonsson

Holumeistari GÍ 2023 varð Gísli Jón Hjaltason eftir að hafa lagt Jakob Tryggvason í úrslitum.

Skálameistaramótin voru 21, aldrei verið fleiri. Fjölmennasta mótið fór fram 14. september og taldi 32 keppendur. Samtals tóku 83 kylfingar þátt í Hamraborgarmótaröðinni og léku samtals 448 hringi. Til samanburðar þá tóku 58 kylfingar tóku þátt í mótaröðinni 2022 og léku samtals 241 hring.

Hjónin Ásdís Birna Pálsdóttir og Vilhjálmur Matthíasson tók þátt í flestum fimmtudagsmótum eða 19 talsins. Fyrirkomulag sumarsins var að 9 bestu mót keppenda töldu.

Skálameistarar GÍ 2023 eru:

Karlaflokkur:	Sævar Þór Ríkarðsson 178 punktar
Kvennaflokkur:	Ásdís Birna Pálsdóttir 178 punktar

Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar

Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á starfsárinu. Tekjur voru kr. 22.190.235 og tekjur umfram gjöld voru kr. 4.805.475. Mikil tiltekt hefur verið gerð í fjármálum klúbbsins og bókhaldi. Niðurstöður ársreiknings draga dóm af þeim breytingum og lagfæringum, en nokkru hærri tekjur væru án þeirra. Það er hins vegar nauðsynlegt að tekjubókhald sýni raunverulegar tekjur og það sem fært er til bókar sé líklegt til að fást greitt í sjóðinn.

Það þarf að endurskoða uppsetningu ársreikninga og meðal annars að gera ráð fyrir afskriftum af tækjum og tólum Golfklúbbs Ísafjarðar. Er það verkefni næstu stjórnar að koma þeim breytingum á.

Afkoma ársins var mjög góð á þessu ári, mikil aðsókn var á vellinum í sumar og mótagjöld gekk mjög vel. Frekari skýringar og umfjöllun um reksturinn koma fram í reikningum klúbbsins sem lagðir verða fram á aðalfundi.

Helstu tekjuliðir voru eins og áður félagsgjöld, flatargjöld, tekjur af Sundagolfi, mótagjöld, rekstur golfskála, styrktarsamningar og þjónustusamningur við HSV. Eins og áður greiðir Ísafjarðarbær laun fyrir einn starfsmann í fimm mánuði og lagði til vinnu fjögurra unglunga frá Vinnuskólanum. Vel gekk að afla styrkja frá fyrirtækjum sem auglýsa á Golfskálanum.

Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar er háður stuðningi margra aðila, fyrirtækja, einstaklinga og Ísafjarðarbæjar. Enn fremur er rekstur og uppbygging klúbbsins háður sjálfböðavinnu félagsmanna og væri ekki mögulegur án þess fórnfúsa starfs sem þeir inna af hendi.

Klúbburinn þakkar öllum velunnurum sínum fyrir stuðninginn. Mikið átak var gert til að auka samstarf við fyrirtæki um að styrkja klúbbinn og bætt við skiltum á handrið skálans. Miklar tekjur fengust með þessu móti sem kemur sér vel þegar stór viðhaldsverkefni eru fjármögnuð.

Lokaorð

Fram undan eru spennandi tímar sem þarf að nýta vel. Klúbburinn stendur vel fjárhagslega og hefur burði til að ráðast í krefjandi verkefni sem munu bæta golfvöllinn og skálann, sem mun skila sér með betri upplifun og ánægju klúbbfélaga. Stjórnin vill gera Tungudalsvöll eftirsóttan og draga að ferðamenn og gesti, sem mun auka tekjur klúbbsins. Mikill áhugi er á golfíþróttinni í dag og ekkert lát á. Vestfirðir eru orðnir aðlaðandi áfangastaður ferðamanna og aldrei verið annað eins tækifæri til að láta klúbbinn blómstra. Með samhentum átaki og öflugum framlagi sjálfböðaliða getum við sett G.Í. rækilega inn á kortið sem eftirsóttur áfangastaður kylfinga á Íslandi.

Mikil uppbygging á sér stað við norðanverða Vestfirði sem gefur tækifæri fyrir starf Golfklúbbs Ísafjarðar.

Ég vil þakka starfsmönnum klúbbsins, stjórnar og nefndarmönnum fyrir samstarfið á árinu. Félagsmönnum þakka ég fyrir þeirra vinnu og skemmtilegt golfsumar.

Ég hef mjög gaman af þessu starfi og lífi fyrir golfið í Tungudal. Það er því engin bilbugur á mér í starfi formanns ef klúbbfélagar kjósa svo.

5. desember 2023

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Ísafjarðar
Gunnar Þórðarson formaður

5. gr. – Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir
3. Ársreikningur liðins reikningsárs lagður fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun um árgjöld næsta árs
6. Fjárhagsáætlun næsta árs
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga
8. Verðlaunaafhendingar
9. Önnur mál